

# Samtök áhugafólks um skólaþróun

Útgefandi *Skólaþráða* eru *Samtök áhugafólks um skólaþróun*. Samtökin eru umræðu- og samstarfsvettvangur fólks sem hefur áhuga á markvissri þróun skólastarfs, skólaumbótum og rannsóknum. Samtökin voru stofnuð á Selfossi 18. nóvember 2005 (**um stofnþingið**)

Samtökin henta kennurum og öðru starfsfólki skóla, stjórnendum, kennsluráðgjöfum og kennaramenntunarfólki, sem og öðrum þeim sem áhuga hafa á að efla þátt fjölbreyttra kennsluaðferða, skapandi viðfangsefna, teymiskennslu, heildstæðrar kennslu, samvinnunáms, nemendamiðaðs náms og fjölbreytts námsmats.

Samtökin gangast fyrir **ráðstefnum** þar sem fólk miðlar af reynslu sinni, skiptist á skoðunum og lærir hvert af öðru. Þá halda samtökin úti þessum upplýsingavef: [www.skolathroun.is](http://www.skolathroun.is) og gefa út vefmiðilinn *Skólaþræði*.

Rúmlega 300 manns gerðust stofnfélagar en **félagar nú** (janúar 2017) eru tæplega 800. Þeir sem áhuga hafa á að ganga til liðs við samtökin eða styðja þau er bent á að snúa sér til ritara samtakanna ([ingvar@hi.is](mailto:ingvar@hi.is)). Félagsgjald er kr. 2000.- á ári (innheimtugjald innifalið). Einnig er hægt að skrá sig **hér** og senda ritara tilkynningu um skráninguna ([skolastofan\(hja\)skolastofan.is](mailto:skolastofan(hja)skolastofan.is)).

Kennitala samtakanna er 451205-0720

Nánari upplýsingar eru á [www.skolathroun.is](http://www.skolathroun.is)